

Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Reykjavík 11. febrúar 2021

Erindi: Stofnframlög til byggingar á hagkvæmu íbúðarhúsnæði á Akureyri

Bæjartún íbúðafélag hses (580820-1660) óskar hér með eftir að Akureyrarbær veiti 12% stofnframlög til 6 íbúða sem Bæjartún hyggst byggja á Akureyri.

Umsókn um stofnframlög á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, verður send til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og óskað eftir 18% framlagi ríkisins. Langtímafjármögnun verkefnisins verður með leiguíbúðaláni frá HMS (70%)

Vísað er til fjarfundar þann 1. febrúar sl. með bæjarstjóra og fleirum varðandi byggingu á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og áætlanir Bæjartúns íbúðafélags hses.

Óskað er eftir að fjallað sé um þetta erindi og umsókn Bæjartúns um stofnframlög sem fyrst á vettvangi bæjarstjórnar.

Að fengnu jákvæðu svari við þessu erindi er óskað eftir viðræðum við skipulagsyfirvöld Akureyrarbæjar um hentuga lóð fyrir amk 10 íbúða fjölbýli, þar sem 6 íbúðir væru byggðar með stofnframlögum og amk 4 íbúðir á almennum markaði, til sölu með Hlutdeildarlánum eða til leigu.

Frestur til að senda umsóknir um stofnframlög til HMS í þetta sinn er til 22. febrúar nk.

Fyrir þann tíma er óskað eftir að móttaka á umsókn Bæjartúns sé staðfest. Formleg afgreiðsla bæjarráðs/sveitarstjórnar þarf ekki að liggja fyrir á þeim tíma.

Virðingarfyllt
Fh. Bæjartúns íbúðafélags hses


Ómar Guðmundsson
BÆJARTÚN
Íbúðafélag hses
580820-1660